

**Sp.**

**48. Tillaga til þingsályktunar**

[47. mál]

um málefni barna og unglunga.

Flm.: Eggert G. Þorsteinsson, Pétur Pétursson, Stefán Gunnlaugsson,  
Sigurður E. Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara athugun á:

1. Hver þörf landsmanna er á auknum barnaheimilabyggingum.
2. Hver hlutur ríkisins í stofnkostnaði slíkra heimila á að vera.

Athugun þessi fari fram með hliðsjón af hinum ýmsu greinum barnaverndarstarfsemi, fjalli m. a. um vistarheimili, vöggustofur, dagheimili, leikskóla, upp-tökuheimili, tómstundaheimili og um leiðbeiningastarfsemi fyrir foreldra o. fl.

**Greinargerð.**

Flutningsmönnum þessarar þingsályktunartillögu er kunnugt um, að málefni aldraðra hafa verið til meðferðar hjá nefnd, sem skipuð var af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu í júní árið 1967 og mun um þessar mundir vera að skila endanlegu álitni til ráðuneytisins. Vonandi kemur það út úr tillögum nefndarinnar, að lagt verði fram frumvarp um þessi efni, áður en langur tími líður.

Með hliðsjón af framansögðu virðist eðlilegt, að málefni barna og unglunga fái hliðstæða athugun og málefni hinna eldri.

Hin almenna regla á Norðurlöndum er sú, að opinberir aðilar, ríki og bæjarstjórnir, gera allt, sem í þeirra valdi stendur, til að auðvelda samtökum áhugamanna, er vilja vinna að uppeldismálum jafnt yngri sem eldri barna, framkvæmdir þeirra með ákveðnum fjárframlögum til stofnkostnaðar og rekstrar slíkra heimila, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, sem sett eru með lögum og reglugerðum.

Flestum mun kunnugt um, hvernig þessum málum er háttað hér á landi.

Lög um þessi efni eru ekki fyrir hendi, og svo virðist a. m. k. á sumum stöðum, að byggingarframkvæmdir og styrkveitingar til sjálfs rekstrarins verði í framkvæmd of tilviljunarkenndar.

Til þessa hefur bæði stofn- og rekstrarkostnaður verið borinn uppi af áhugamannafélögum, bæjarfélögum og aðstandendum barnanna. Flm. tillögunnar þykir af þessum ástæðum brýn nauðsyn á því, að hið opinbera, þ. e. ríkið, láti fram fara heildarendurskoðun á þörf landsmanna í þessum efnum með hliðsjón af margendurteknum kröfum almennings um að koma betur til móts við þarfir æskunnar í landinu í þessum efnum.

Sú athugun, sem tillagan gerir ráð fyrir, ætti einnig að geta orðið tiltölulega fljótunnin, þar sem leita mætti til þeirra áhugamannafélaga og bæjarfélaga, sem mest og bezt hafa lagt sig fram um úrlausn þessara mála og hljóta því að hafa dýrmætasta reynslu. Ljóst þykir þó, þar sem engin ríkisaðstoð hefur verið við stofnkostnað slíkra heimila, að vandinn verði vart leystur án tilkomu ríkisstyrks, ásamt auknum ríkisstyrk til sjálfs rekstrarins frá því, sem nú er. Með því ætti ríkinu einnig að gefast tækifæri til aukinna afskipta um skipulag og rekstur þessarar nauðsynlegru þjónustu.

Til þess þó að taka af allan vafa í þessum efnum er nauðsynlegt, að sú athugun, sem tillagan felur í sér, verði látin fara fram.